

## Maðurinn með hattinn

Þetta byrjaði allt á sunnudegi þegar ég var á gangi heim úr vinnunni. Systir mín var í sunnudagaskólanum og ég ætlaði að koma við þar til þess að sækja hana og fylgja henni heim, enda hafði ég fengið að fara fyrr úr vinnunni þennan dag því lítið var að gera enda hífandi rok og rigning og ekki nokkur sála sem vildi fá sér ís. Ég gekk áleiðis en fór allt í einu að finna fyrir óþægindum í maganum líkt og eitthvað hafði gerst en það gæti ekki verið því að þetta var búíð að vera svo góður dagur í dag, enda ekki á hverjum degi sem yfirmaðurinn sendir mann heim í launað frí.

Þegar ég kom að kirkjutröppunum þá tók ég eftir því að kirkjan var lokuð og systir mín hún Dísu var hvergi sjáanleg. Ég byrjaði að ráfa um göturnar en ég sá hana hvergi. Allt í einu var mér lítið í aðra áttina að öskur hljóði sem hljómaði alveg eins og Dísu þegar ég var að kítla hana og stríða heima fyrir í grínleiknum sem við bjuggum til þegar Dísu var 5 ára gömul. Ég hljóp af stað í áttina að hljóðinu og þegar ég kom nær sá ég gamlan mann standa á horni einnar götunnar, ég hljóp að honum en allt í einu var hann horfinn líkt og hann hefði bara gufað upp. Ég fór að hægja á mér og þá blasti við mér sjón sem ég hefði aldrei trúað að ég myndi sjá nokkurn tímann á ævinni! Litla systir mín 7 ára gömul lá hreyfingarlaus í götunni og blóð streymdi frá henni um leið og rigninginn skolaði það niður í niðurfallið. Hjartað mitt hamaðist líkt og það væri að springa og ég gat engan veginn trúðað því sem ég var að sá. Mér leið eins og ég hafi verið barinn í hausinn með þungri sleggju, ég var ringlaður og vissi ekki hvað snéri upp né niður. Ég hljóp að næsta húsi til þess að fá að hringja... ég vissi ekki hvað ég átti að gera en samt einhvernvegin þá var það fyrsta sem ég gerði að hringja á sjúkrabíl en ég var í svo mikilli móðu og orðinn svo máttlaus og hræddur að ég gat hreinlega ekki komið upp orði. Gamla konan sem bjó í húsinu tók af mér tólið og sagði eins og var að það lægi lítil stúlka í blóði sínu fyrir hornið á húsinu sínu. Og að bróðir hennar hafi verið fyrsti maður á staðinn það er að segja á eftir mannum sem ég sá á horninu við húsið.

Til allrar hamingju þekkti þessi konu ömmu, þær höfðu verið að vinna saman fyrir mörgum árum síðan og hún hringdi í ömmu um leið og ég var búinn að ná andanum aftur, enda var ég sjálfur vita gagnslaus starandi á gólfið og hugsaði stöðugt með mér að þetta væri allt mér að kenna því ég var svo lengi á leiðinni að kirkjunni, ég átti að fylgja henni heim en ekki láta fylgja henni með sjúkrabíl uppá spítala, þetta er að allt mér að kenna! Auk þess sem ég velti því fyrir mér hvað maðurinn gæti hafa gert við hana ef að ég hefði ekki komið á staðinn svona fljótt eftir slysið... slysið, hvernig get ég kallað þetta slys? Ég er alveg fullur þeirri tilhugsun að maðurinn ætlaði sér að gera þetta, en hvernig gat það verið á svona lítilli, ungrri og fallettri stúlku sem hafði aldrei gert neitt af sér í lífinu nema að óhlýðnast okkur

mömmu. Ég bara gat engan veginn komið hausnum á mér í gegnum neinar af þessum þælingum nema því að ég vissi að þetta væri allt mér að kenna. Móðan hjaðnaði eftir um 16 mínútur og þá heyrði ég loksins í konunni segja að amma væri á leiðinni að sækja mig og þau myndu fara saman uppá spítala til að bíða fregna af systur minni. Ég vonaði allt það besta því ég veit ekki hvernig ég myndi lifa án litla grallarans míns sem gerði mér lífið leitt en í leið svo gott. Á leiðinni uppá spítala starði ég á hendurnar á mér líkt og ég hefði haft líf Dísu í höndunum og ég hafði misst það. Amma reyndi margoft að segja mér að þetta hafi ekki verið mér að kenna og að ég hefði gert réttan hlut með það að finna síma og hringja, og það væri líklega allt mér að þakka að ekki hafi farið verr fyrir Dísu.

Þegar við amma vorum komin á spítalann beið lögreglustjórinn við dyr sjúkrahússins og á þeirri stundu vissi ég að ég hefði gert eitthvað rangt og yrði ásakaður fyrir það að vera meðsekur í þessu máli. Mér var fylgt inn í lítið herbergi á sjúkrahúsinu og ekkert nema hræðilegar hugsanir komu upp í kollinn á mér á meðan ég sat þarna inni og ræddi við lögreglustjóran sem reyndi að róa mig niður og segja mér líkt og amma hafði sagt alla leiðina að þetta væri ekki mér að kenna og ég hefði eflaust bjargað lífi Dísu. Hann spurði mig ýmsa spurninga en ég var of hugsu um hvað ég hefði getað gert betur. Móðan var aftur farinn að hraka mig og ég fór að útiloka öll hljóð sem komu að mér og mér fór í líða eins og fanga eigin hugsana. Eina spurningin sem ég heyrði var síðasta spurningin er lögreglustjórinn spurði mig hvort að ég hefði séð eitthvað undarlegt á leiðinni úr vinnunni. Ég leit loksins upp úr móðunni og sagði að ég hefði séð gamlan karl við hornið á húsi gömlu konunnar sem var rétt hjá því þar sem ég hefði fundið systur mína. Ég lýsti mannum fyrir stjóranum og sagðu að hann hafði verið í brúnum frakka, rifnum gallabuxum og með hatt sem var með nasistamerkinu á. Meira vissi ég ekki. Lögreglustjórinn ráðlagði ömmu að fara með mig heim og fá mig til þess að hugsa um eitthvað annað og þeir myndu láta hana vita um leið og eitthvað myndi fréttast.

Þegar heim var komið gaf amma mér kakó og leyfði mér að horfa á sjónvarpið. Enginn áhugi var fyrir því, ömmu fannst það mjög furðulegt því að yfirleitt þá hangi ég yfir bíómyndum allan daginn þegar ekkert er að gera og heimalærdómurinn er búinn. Ég ákvað að fara út í göngutúr og bað ömmu um að gefa mér leyfi fyrir því að fá mér ferskt loft. Amma kvaðst þess að hún myndi koma með mér en ég sagðist vilja fara einn í þetta skiptið til þess að reyna að viðra hugmyndirnar út. Ég var rétt kominn út fyrir næstu götu við hús ömmu þegar ég sá eitthvað sem ég kannaðist við, ég ákvað að elta það sem ég hafði séð og í ljós kom að þetta var maðurinn sem ég sá fyrr um daginn við hornið á húsi konunar góðu. Þrátt fyrir að ég var ekki í ástandi til þess að hugsa mikið þá ákvað ég nú samt sem áður að fylgjast með því hvert hann væri að fara. Ég var í mikilli von um það að finna út hvers vegna

hann hefði ráðist á Dísu litlu. Eftir rúman klukkutíma þá tók ég allt í einu eftir því að ég var kominn heim til mín í blokkina á hæðinni. Maðurinn hringdi á einhverja bjöllu og gaf til nafns. Hann sagðist heita Baldvin og svo var opnað fyrir honum og hann gekk inn í blokkina. Hræðslan hjá mér jókst til muna og hjartað var við það að springa, sem betur fer er ég ekki hjartveikur því að þá hefði eitthvað mikið gerst þar sem að mér fannst hjartað vera að rífa sig í gegnum bringuna á mér. Ég ákvað að láta lítið fara fyrir mér og því ákvað ég að fara ekki alveg inn heldur fylgast með honum inn um gluggana á blokkinni. Eftir ekki svo langa stund sá ég ljós kvikna í eldhúsi einnar íbúðarinnar og sá manninn þar inni með konunni á næstu hæð fyrir ofan mig, nú fór hræðslan alveg með mig, var þetta sonur góðu konunar sem alltaf var að gefa okkur Dísu einhverjar gjafir, var virkilega til svona hræðilegur maður sem er alinn upp hjá dýrlegustu konu heims?

Þrátt fyrir að tilfinningin var svona hræðilega, var mér farið að líða eins og spæjara, adrenalínið var farið á fullt, ég hljóp inn í íbúðina mína eins hratt og ég gat en vildi samt alls ekki láta mikið á mér bera því ekki vildi ég að maðurinn sæi mig. Um leið og ég kom inn hljóp ég að símanum til að hringja í ömmu og bað hana vinsamlegast um að koma heim í blokkina eins fljótt og hún gæti. Á meðan ég beið eftir ömmu sat ég stjarfur á gólfinu við útidyrnar, ég vildi heyra ef eitthvað myndi gerast á ganginum þangað til amma kæmi auk þess sem að ég vildi vera viss um að þetta væri amma sem væri kominn en ekki einhver annar. Amma kom eftir 10-12 mínútur og hún skildi ekkert hvaða æsingur væri eiginlega í mér og hvort ég væri endanlega búinn að missa vitið. Hún stönglaðist svo aftur á því að þetta væri ekki mér að kenna og ég ætti að hætta að hugsa um þetta. Ég sagði ömmu að hún yrði að hringja á lögregluna strax því að maðurinn sem ég hafði séð fyrr um daginn væri í heima hjá konunni sem byggir fyrir ofan. Amma ætlaði ekki að trúá mér en hún hringdi samt sem áður þegar hún fór að heyra læti úr íbúðinni fyrir ofan. Amma fór að verða hálfskellkuð líka af látunum og öllum þrammaganginum frá efri hæðinni, hvorugt okkar vissi hvað væri á seiði en ekki þorðum við að fara upp og athuga þar sem að við vissum hver væri á efri hæðinni. Lögreglan kom eftir nokkrar mínútur, við sögðum henni hvað væri í gangi og hún fór að kíkja á málið en ætlaði samt sem áður ekki að leggjast til atlögu strax fyrr en hún væri alveg viss um það að þetta væri maðurinn eftir lýsingu minni fyrr um daginn. Okkur ömmu fannst hún vera svolítið lengi að athuga málið þar sem hún einungis að kanna stöðuna. Þegar lögreglan kom til baka þá leit hún alls ekki vel út og spurði okkur hvort að við þekktum konuna í næsta stigagangi, við kváðumst gera það, þetta væri mjög góð kona sem hefði passað Dísu oft þegar ég og mamma værum í vinnunni og amma ekki heima. Lögreglunni fór að halda að þetta mál væri tengt málinu á Dísu og vissi ekki vita hvernig hann ætti að koma orðunum að en maðurinn var ekki í íbúðinni þegar hann kom upp og að konan væri látinn úr sárnum sínum.

Þessi dagur bara ætlaði engan endi að taka, ekki nóg með það að Dísu lá á spítala og barðist fyrir lífi sínu, heldur þurfti að bætast ofaná það að ljúfa yndislega konan á efri hæðinni var búinn að láta lífið af sárum sínum.

Ég og amma treystum okkur enganvegin til þess að hreyfa okkur úr stað og við vorum látinn í vitnavernd lögreglunnar og okkur skutlað í íbúð niður í bæ sem vaktaðar voru af myndavélum allan sólarhringinn. Þetta var mikill léttir á sálinni að vita að við værum örugg auk þess sem að lögreglumenn voru látnir vakta stofuna hjá Dísu, en amma hringdi í mömmu þegar við komum þangað og okkur var sagt að Dísu myndi jafna sig en yrði þó ólíklega sú sama aftur fyrr en eftir nokkur ár. Þetta gladdi okkur ömmu mjög mikið en þó leið okkur ekki vel og mér fannst eins og maginn á mér væri á hvolfi. Þessi dagur hafði verið einn stór hræðilegur rússibani og ég átti erfitt með það að sofna um kvöldið en á endanum gat ég þó sofnað og ég svaf mjög lengi enda ekki furða eftir allt sem hafði gerst þennan dag.

Næsti morgun rann upp og það var næstum hádegi þegar ég vaknaði. Mér leið aðeins betur og reif mig frammúr rúmminu. Ég leit á ömmu sem sat við matarborðið og var að snæða morgunmat, eða í það minnsta reyndi það. Ég strauk á henni bakið og spurði hana hvað væri að, hvort að hún væri ekki glöð með það að Dísu væri kominn úr lífshættu. Hún leit á mig og bað mig um að setjast niður, augun hennar litu út fyrir að vera djúp svört hola sem enginn kæmist uppúr og um mig fór kaldur hrollur. Amma sagði mér að fleiri í blokkinni höfðu látið lífið um nóttina auk þess sem að sumir væru alvarlega slasaðir og að hundurinn minn hann Tumi hefði verið skotin en hann var í pössun hjá Önnu frænku á næsta stigagangi, en þau fundust liggjandi við hliðina á hvort öðru núna í morgunsárið bæði liggjandi í blóði sínu. Lögreglan var farinn að kalla út alla tiltæka lögreglumenn hvort sem þeir væru á vakt eða ekki og lýst var yfir hættustigi og maðurinn með hattinn eftilýstur. Ég get engann veginn trúað því að svona hlutur gæti gerst hérna á litla Íslandi, ég hafði marg oft séð þetta í bíómyndunum sem ég horfi á, en þetta var núna orðið að raunveruleika sem ætlaði að þessu stigi aldrei endi að taka. Seinni partur dagsins var lengi að líða, ég stytta mér stundir með ljóðariti en ég hafði gaman af því að skrifa ljóð og átti heilu ljóðabunkana heima af ljóðum. Tilhugsunin um öll þessi týndu líf og allt þetta slasaða fólk sem við þekktum úr blokkinni minni sem ég hafði búið í nánast alla mína ævi gerði mér erfitt fyrir og því ákvað ég að ljóði myndi vera um Dísu litlu. Efst í huga mér var hins vegar alltaf spurningin hvernig „skyldi þetta allt saman enda?“. Síminn hringdi síðan um kvöldmataleitið, þett var mamma hún og bað okkur um að koma uppá spítala þar sem að Dísu væri kominn til meðvitundar og var farinn að koma upp einstökum orðum á milli þess sem hún þurfti á hvíld að halda. Mikið var gott að heyra þetta og áður en við vissum af byrtist lögreglumaður í dyrunum, hún fylgdi okkur þangað og miklir fagnaðarfundið voru að sjá hana liggja þarna lifandi og úr allri lífshættu.

Mamma knúsaði mig í krók og kima og sagðist vilja fá fréttir af manningum. Við sögðum henni allt það sem við höfðum fengið að vita. Líkt og við varð hún dauðskellkuð og trúði varla því sem hún var að heyra. En við vorum þrátt fyrir það öll himin lifandi yfir því að hún Dísá litla systir mín væri á lífi.

Ekki svö löngu seinna var okkur tjáð að það væri búið að ná manningum. Ég var beðinn um að koma með lögreglunni niður á stöð til þess að bera kennsl á manninn. Og til allrar hamingju þá var þetta maðurinn og ég fann fyrir létti í hjartanu þar sem ég vissi að nú væri ég öruggur auk allra þeirra sem eftir voru í blokkinni. Einnig tjáði lögreglan mér að þeir höfðu verið búnir að leita af þessum manni í þó nokkuð langan tíma en hann væri geðveikur og hafði sloppið út af heimili sínu. Auk þess sem ég fékk mikið hól fyrir að hafa getað lýst honum svona vel þrátt fyrir ástandið sem ég var í, því að ef þeir hefðu ekki fundið manninn að þá hefðu líklega fleiri misst lífið eða lægju alvarlega slasaðir á spítalanum líkt og Dísá.

Þegar ég kom aftur upp á spítala var Dísá vöknuð og ég réði ekki við mig og þurfti að knúsa hana og segja henni að gera þetta aldrei aftur við mig, að hræða mig svona án fyrirvara. Hún skildi alveg hvað ég átti við með þessu þar sem að við vorum alltaf að ganntast svona heima þegar ekkert væri að gera. Tímarnir urðu betri og betri en við máttum samt sem áður ekki fara aftur í blokkina í langan tíma og því fluttum við hreinlega inn til ömmu og ákváðum að selja íbúðina enda yrðu bara vondar minningar úr þessu umhverfi eftir allt sem hafði skeð síðustu sólarhringa. Dísá náði sér að fullu og ég vona þess innilega að hún muni ekki muna eftir allri þessari erfiðu lífsreynslu, enda ekki sú reynsla sem að litlar stúlkur eiga að hafa í æskuminningum sínum. En það er eitt sem ég ákvað eftir þessa skelfilegu lífsreynslu og ég lofaði systur minni því eins heitt og ég gat og af öllum mínum lífs og sálarkröftum beint út úr hjartanu, en það var það að ég myndi aldrei á ævi minni líta auga af henni frammar. Síðan rétti ég henni ljóðið og mamma las það fyrir hana en ljóðið kalla ég „Dísá litla systir mín.“

### **Dísá litla systir mín.**

Lítill engill hjarta í mér býr,

lítill skotta er hún.

Þegar æsingur skerst leikinn í,

þá mamma verður brjáluð.

Missi ég þennan engil mér frá,

veit ég ekki hvað ég mun gera.

En veit þó að eyi langt mér frá

Þessi engill mun frá mér kveða.